

# Mánaðaryfirlit

---

Hagfræði og greining ASÍ

Mars 2023




# Launahlutfall í hagkerfinu lækkaði á síðasta ári

Próun launahlutfalls er til umfjöllunar í mánaðaryfirliti mars mánaðar.

Gögnin byggja á nýlegu framleiðsluuppgjöri Hagstofunnar. Um er að ræða fyrstu tölur fyrir síðasta ár sem gjarnan taka breytingum við síðari endurskoðun. Samkvæmt gögnunum dróst framleiðni saman um

2,1% á síðasta ári og laun á vinnustund um 4,9%. Framleiðni og laun eru skilgreind sem framleiðsla og laun auk launatengdra gjalda á hverja unna vinnustund. Á síðasta ári lækkaði hlutfall launa einnig í hagkerfinu. Hin hlið launahlutfalls er hlutur fjármagns í hagkerfinu,

## Próun launa og framleiðni, 2000-2022



þ.e. rekstrarafgangur sem hlutfall af verðmætasköpun. Sá hlutur hefur aukist undanfarin tvö ár.

Rekstrarafgangur fyrirtækja var sögulega hár á síðasta ári og jókst umfram verðlagsþróun.

## Framleiðni dróst saman í fyrra


Í einkageiranum jukust vergar þáttatekjur um 7,2% að raunvirði á síðasta ári en líta má á vöxt þáttatekna sem mælikvarða á verðmætasköpun og auknum

umsvifum í hagkerfinu. Verðbólga hefur töluverð áhrif á framleiðsluuppgjörið, en alls jukust þáttatekjur um 20,5% að nafnvirði.


Aukin umsvif í hagkerfinu sjást einnig í mikilli fjölgun á heildarvinnustundum í hagkerfinu. Alls fjölgaði vinnustundum um 6,9% í hagkerfinu, þar af 9,5% í einkageira. Framleiðsla á vinnustund dróst saman milli ára, m.ö.o.

framleiðni dróst saman um 2,1% milli ára í einkageira. Frá árinu 2016 hefur

## Þróun launa á vinnustund og framleiðni, 2021-2022



## Launahlutfall í einkageira



framleiðni í einkageira að jafnaði aukust um 2,1% á ári.

vinnustunda drógust raunlaun á vinnustund saman um 4,9% milli ára.

## Laun dragast saman ef horft er til vinnustunda

Launasumman í hagkerfinu nemur tæplega tvö þúsund milljörðum. Þar af eru tæplega fjórtán hundruð milljarðar í einkageira. Alls jukust laun um 17% milli ára að nafnvirði í einkageira en einungis um 4,1% að raunvirði. Sé tekið tillit til fjölgunar


# Sögulega mikill rekstrarafgangur fyrirtækja

Launahlutfall er hefðbundinn mælikvarði á skiptingu verðmætasköpunar milli launafólks og fjármagnseigenda. Það mælir hversu hátt hlutfall verðmætasköpunar fer til launafólks.

Launahlutfallið lækkaði milli ára, mælist nú 64% í einkageiranum og 71% í hagkerfinu í heild.

Hin hlið launahlutfalls mætti túlka sem hlut fjármagns í


## Rekstrarafgangur fyrirtækja 2022



verðmætasköpun, þ.e. hlutfall rekstrarafgangs af verðmætasköpun. Rekstrarafgangur er hagnaður fyrirtækja fyrir vaxtagreiðslur. Alls jókst rekstrarafgangur fyrirtækja um 26% í einkageiranum á síðasta ári og um 33% árið 2021. Árið 2020 dróst rekstrarafgangur saman um 13,2% vegna áhrifa heimsfaraldurs. Raunaukning rekstrarafgangs nam þannig 12% milli ára. Skoðað niður á atvinnugreinar má sjá mikinn vöxt í afkomu fyrirtækja á

síðasta ári. Hlutfallslega mælist mestur vöxtur í afkomu gisti- og veitingastaða en þó frá lágum grunni. Þar er greinilegur viðsnúningur í rekstri í kjölfar afnáms ferðatakmarkana. Í öðrum lykilatvinnugreinum mælist á bilinu 18-80% aukning í hagnaði að nafnvirði. Afkoma jókst um 81% í framleiðslu málma, 49% í fiskvinnslu og 40% í mannvirkjagerð. Í heild- og smásöluverslun jókst afkoma um 20%.


## Vísitala hagnaðar, fast verðlag



● Meðaltal



## Hlutfall fjármagns í einkageira, rekstrarafgangur af verðmætasköpun



Aukinn rekstrarafgangur verður til þess að hlutfall fjármagns hækkar um 2 prósentustig milli ára. Alls hefur hlutfur fjármagns hækkað úr 30% í 36% frá árinu 2020. Hlutfallið er á svipuðum stað og árið 2015 og yfir langtímameðaltali í hagkerfinu.


# Kaupmáttur dróst saman á síðasta ári

Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum Hagstofunnar fyrir árið 2022 dróst kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna á mann saman um 1,7%. Alls jukust ráðstöfunartekjur heimilanna um 9,2% árið 2022, eða um 6,5% á mann.

Áhrif mikillar verðbólgu á tímabilinu leiða til þess að auknar ráðstöfunartekjur halda ekki í við verðlagsþróun á tímabilinu og kaupmáttur dregst því saman.

Kaupmáttur hefur ekki mælst

## Kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna á mann





neikvæður á ársgrundvelli í áratug en síðast dró úr kaupmætti árið 2012, þá um 0,3%.

Kaupmáttur dróst saman þriðja ársfjórðunginn í röð, eða um það sem nemur 3,4% á fjórða ársfjórðungi.

Heildartekjur heimilanna jukust um 9,9% meðan heildargjöld hækkuðu um 10,7% árið 2022. Aukning í launatekjum heimilanna vegur þyngst í aukningu í heildartekjum heimilanna á síðasta ári, en launatekjur hækka um 15% milli ára. Aukning í launatekjum

skýrist bæði af launahækkunum en einnig af minnkandi atvinnuleysi frá fyrra ári en tekjur heimilanna sem koma frá lífeyri og félagslegum bótum dragast lítillega saman milli ára. Lífeyrir og félagslegar bætur námu tæplega 17% af heildartekjum heimilanna árið 2021 en nema nú 15% af heildartekjum.

Vaxtagjöld heimilanna hækka um 35,5% milli áranna 2021 og 2022 en þetta skýrist af auknum útlánnum til heimilanna ásamt hratt hækkandi vaxtastigi í landinu. Vaxtatekjur heimilanna aukast um 53% á sama tímabili.



# Hagvöxtur ekki meiri síðan 2007

Hagstofan birti á dögunum tölur um landsframleiðslu síðasta árs.

Áætlað er að verg

landsframleiðsla hafi aukist um

6,4% árið 2022 og nemur

landsframleiðsla á liðnu ári 3.766

milljörðum króna. Hagvöxtur á

síðasta ári var því sá mesti síðan

2007 þegar hann mældist 8,4%.

## Vöxtur drifinn áfram af einkaneyslu

Þjóðarútgjöld, þ.e. samtala neyslu,

fjármunamyndunar og

birgðabreytinga, jukust um 6,4%

en vöxturinn er drifinn áfram af

einkaneyslu sem jókst um 8,6% á

milli ára. Sé vöxtur í einkaneyslu

skoðaður nánar, má sjá að veruleg

aukning var í undirflokkum

einkaneyslu sem takmörkuðust af

Covid-faraldrinum árið áður, líkt

og ferðir og flutningar, tómstundir

og menning og neysla á hótélum og veitingastöðum.

Vöxtur einkaneyslu var mikill í

upphafi árs og neysla á öðrum

ársfjórðungi var 13,7% áður en

draga tók úr vexti, en einkaneyslu

jókst um 7,4% þriðja ársfjórðungi

og 4,7% á fjórða ársfjórðungi

2022.

Fjármunamyndun í heild jókst um

6,9% árið 2022. Fjármunamyndun

er drifin áfram af fjárfestingu

atvinnuveganna en

íbúðafjárfesting dregst saman

milli ára, um 6,3%.

Samneysla jókst um 1,6% á árinu

og birgðabreytingar stóðu í stað.




# Íbúðafjárfesting dróst saman á síðasta ári

Það vekur athygli að íbúðafjárfesting dregst saman annað árið í röð, eftir kröftugan vöxt á árunum 2016-2019. Árið 2020 stóð íbúðafjárfesting í stað en dróst saman um 5,2% árið 2021 og nú um 6,3% á liðnu ári. Vöxtur fjárfestingar í íbúðahúsnæði árið 2019 nam rúmlega 30% og hafði

íbúðafjárfesting ekki verið meiri síðan 2007.

Mikil umræða hefur átt sér stað um framboð húsnæðis hér á landi. Miklar sveiflur hafa einkennt mannvirkjagerð en á árunum eftir fjármálahrun dró verulega úr íbúðafjárfestingu hér á landi sem fór ekki að aukast af ráði fyrr en árið 2016.

## Íbúðafjárfesting 2000-2021



● Breyting milli ára (%)




Almennt er talið að veruleg vöntun sé á húsnæði, bæði til leigu og eignar, m.a. til að mæta verulegra mannfjöldaaukningu hér á landi. Íbúum á Íslandi fjölgaði um 11.510 á milli 1. janúar 2022 og 1. janúar 2023, eða um 3,1%, sem er mesta fjölgun svo langt sem mannfjöldatölur ná. Frá 2016 hefur aðfluttum íbúum fjölgað hratt samhliða vexti ferðaþjónustu hér á landi og aðfluttum umfram brottflutta fjölgaði á tímabilinu

2016-2019 um tæplega 24 þúsund manns. Aðfluttir umfram brottflutta árið 2022 voru tæplega 10 þúsund og hafa aldrei verið fleiri.

## Næst markmið um uppbyggingu húsnæðis?

Ríki og sveitafélög sammæltust í nýjum rammasamningi, um mitt ár 2022, um aukið framboð íbúða. Þar er talið að byggja þurfi 35 þúsund íbúðir til að mæta fyrirsjáanlegri og óuppfulltri

## Fjöldi íbúða í byggingu



íbúðapörf á næstu 10 árum.

Á tímabilinu 2023-2032 er því stefnt að byggingu 4 þúsund íbúða á ári fyrstu 5 árin og 3500 íbúða á ári eftir það út tímabilið.

Samkvæmt nýjustu tölum úr Mannvirkjaskrá HMS er íbúðum í byggingu að fjölga en þær eru nú taldar vera tæplega 8 þúsund á landinu öllu og spá HMS gerir ráð

fyrir að aðeins rúmlega 6000 þeirra verði fullbúnar á árunum 2023 og 2024. Ef HMS reynist sannspá og ef þróun íbúðarfjárfestingar heldur áfram líkt og síðustu tvö ár er ljóst að hér verði markmiðum um 4 þúsund íbúðir í ár eða á komandi árum ekki náð og betur má ef duga skal.

